

Ed.

304. Nefndarálit

[116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Fullt samkomulag um afgreiðslu frumvarpsins náðist ekki í nefndinni. Vildi minni hlutinn, að á því yrðu gerðar þrjár breytingar, sem meiri hlutinn gat ekki fallið á. Þær breytingar eru þessar:

1. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að upphæðir bóta megi breytast í samræmi við grunnkaupstaxta verkamanna. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða og ráðherra í sjálfsveld sett hverju sinni, hvort því skuli beitt. Fátt er þó sjálfsgðara en að bætur almannatrygginga hækki til jafns við almenn vinnulaun, enda hlýtur réttmæti þess að hafa vakað fyrir ríkisstjórninni með flutningi frumvarpsins. Því leggur minni hlutinn til, að í stað ráðherraheimildar komi ákvæði um, að bótafjárhæðir skuli fylgja breytingum á grunnkaupi verkamanna.

2. Í ákvæði til bráðabirgða segir, að ráðherra geti ákveðið 5% hækkun elli- og örorkulífeyris á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laganna. Í þessu tilviki er heimildarákvæði sem þetta enn fráleitara en í hinu fyrra. Hér kemur til álita ein greiðsla fyrir eitt tiltekið tímabil, og ríkisstjórnin hlýtur þegar að hafa ákveðið, hvort hún skuli innt af höndum eða ekki. Af greinargerðinni má ráða, að hún hefur valið fyrri kostinn. Svo framarlega sem Alþingi er sama sinnis og ríkisstjórnin í þessu efni, þá ber að orða ákvæðið á þá einu leið, að hækkunin skuli greidd, og með því orðalagi mælir minni hluti nefndarinnar.

3. Í greinargerð frumvarpsins er þess getið, að hækkun grunnkaupstaxta við almenna fiskvinnu hafi orðið 5% á árinu 1964. Í samræmi við það telja frumvarpshöfundar sanngjarnt, að tryggingabætur hækki frá miðju ári 1964. Þó skulu engan veginn allar bætur hækka, heldur einungis tvær tegundir þeirra, ellilífeyrir og örorkulífeyrir. Aðrar bætur mega ekki hækka að þessu sinni til samræmis við grunnkaupshækkun verkamanna. Þannig verður fullt sanngirnismál að biða hentugri tíma.

Þessa mismunun í garð bótaþega telur minni hlutinn ekki viðunandi. Hækkun bóta frá miðju ári 1964 er réttlætismál, sem allir bótaþegar eiga heimtingu á. Því er hér lagt til, að 5% hækkunin nái til allra bótafjárhæða almannatrygginga. Að sjálfsgöðu kostar sú hækkun fjármuni, en í það er ekki horfandi, þegar í hlut eiga þeir, sem harðast hafa orðið útí í þjóðfélaginu, enda hefur þjóðin næg efni til þess, eins og nú árar.

Nefndin flytur tvær viðbótartillögur við frumvarpið. Um þær varð fullt samkomulag, og verða þær því ekki gerðar að umtalsefni hér.

Alþingi, 3. marz 1965.

Alfreð Gíslason.